

Fundargerð 293. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 293. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 5.maí 2020 fjarfundur.

Efni fundar: Dagskrá:

1. Aðalfundur Stjórnvísí 6.maí 2020.
2. Staða áhersluverkefna starfsársins 2019-2020.
3. Fréttir af faghópum (aðalfundir, fundir og nýjar stjórnir)
4. Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum - viðburður og samstarf
5. Samfélagsskýrslan 2020
6. NPS – þjónustumælingar
7. Fjármál
8. Önnur mál.

Dags.fundar: 5.maí 2020	Tími: 11:45-13:00	Nr. fundar: 293
Fundarboðari: AÓG	Fundarritari: GA	Staður: Fjarfundur

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Guðný Halla Hauksdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Ingi Björn Sigurðsson, Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson, Jón Gunnar Borgþórsson, Berglind Björk Hreinsdóttir

Fjarverandi:

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. Aðalfundur

- Allt er tilbúið fyrir aðalfund sem haldinn verður á morgun 6.maí kl.12:00-13:00 á Teams.
- Einn félagi er í framboði til formanns en það er núverandi formaður félagsins **Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir**. Úr stjórn munu ganga; Berglind Björk Hreinsdóttir, Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson. Á síðasta aðalfundi voru kosin til 2ja ára:
 - **Jón Gunnar Borgþórsson**, Stjórnendaráðgjafi (2019-2021)
 - **Guðný Halla Hauksdóttir**, Orkuveita Reykjavíkur (2019-2021)
 - **Ingi Björn Sigurðsson** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (2019-2021)
 - **Sigríður Harðardóttir**, Strætó (2019-2021)
- Á síðasta aðalfundi bauð sig fram til eins árs:
 - **Ásdís Erla Jónsdóttir**, Háskólinn í Reykjavík (2019-2020) – Ásdís Erla býður sig fram til stjórnar (2020-2021)
- Aðrir félagar sem bjóða sig fram í stjórn Stjórnvísí (2020-2022)

- **Ósk Heiða Sveinsdóttir**, Pósturinn, býður sig fram til stjórnar (2020-2022)
 - **Steinunn Ketilsdóttir**, Intellecta býður sig fram til stjórnar (2020-2022)
 - **Stefán Hrafn Hagalín**, deildarstjóri samskiptadeildar Landspítala (2020-2022)
- Til aðalfundar hefur verið boðað með löglegum fyrirvara
 - Lagabreyting var auglýst í fundarboðinu
 - Fundarstjóri aðalfundar verður **Sigríður Harðardóttir**
 - Ritari aðalfundar verður **Ásdís Erla Jónsdóttir**
 - Fagráð – komin eru framboð í fagráð frá 5 aðilum
 - 1. Einar Snorri Einarsson framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Landsnets (2019-2021)
 - 2. Nótt Thorberg, forstöðumaður loyalty hjá Icelandair (2019-2021)
 - 3. Þórunn M. Óðinsdóttir, framkvæmdastjóri Intra ráðgjafar (2020-2022)
 - 4. Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís og stjórnarformaður Vottunar hf. (2020-2022)
 - 5. Sigurjón Andrússon, forstöðumaður markaðsmála og forvarna hjá Sjóvá (2020-2022)
 - Skoðunarmenn – endurskoðendur frá KPMG taka að sér að vera skoðunarmenn næstu tvö árin.
 - Oddný Assa Jóhannsdóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2020-2022)
 - Guðný Helga Guðmundsdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs KPMG (2020-2022)
 - Sigríður, Ásdís, Gunnhildur og Aðalheiður funduðu í síðustu viku til að undirbúa fundinn sem fjarfund á Teams. Mikilvægt er að þeir sem eru á fundinum geti greitt atkvæði (með/á móti) og veitt samþykki gagnvart skýrslum, reikningum félagsins, kosningu í stjórn, lagabreytingum o.fl.

2. **Staða áhersluverkefna stjórnar 2019-2020.** Farið var yfir hvernig gengið hefði með áhersluverkefni stjórnar 2019-2020.

Verkefni 1: Stefnumótun fyrir 2020-2025

Ábyrgðaraðilar: Aðalheiður, Jón Gunnar, Guðjón, Sigríður, Berglind, Gunnhildur

Tímabil: 6.8.2019-08.01.2020

Notendaprófanir

Meðal formanna hópa

Meðal viðskiptavina

Meðal þeirra sem ekki þekkja Stjórnvísu

Rýni á heimsíðu

i. Gildin, framtíðarsýn, lögi

ii. n, siðareglur.

Þróun á mælaborði – Aðalheiður, Gunnhildur

Markmiðið var að skerpa á stefnunni með sýn viðskiptavinarins í huga. Teknir voru opnir greiningarfundir í október, framhaldsfundir í HR, og Teams og Mural nýttust mjög vel í samskiptabanninu. Stefnan varð að veita félagsmönnum tæki og tól til að sinna sínu starfi í nútímatækni og stefnt að því að innleiða Teams og LinkedIn. Sem gefur tækifæri til að auka

tengsl innbyggðist en farið verður mikið í stafrænu málin. Nýir aðilar í stjórn munu verða sterkir á svelli þar. Aðgerðaáætlun verður unnin með nýrri stjórn og stefnan skrásett.

Verkefni 2: Sölu og markaðsmál

Ábyrgðaraðilar: Guðný Halla, Jón Gunnar, Ingi Björn, Kristján Geir

Tímabil: 6.8.2019-maí 2020

Samfélagsmiðlar

LinkedIn

Mælikvarðar

Markviss fjölgun fyrirtækja

Endurgjöf – skýrsla til fyrirtækja?

Markviss fjölgun háskólanema

- i. Hvetja faghópa til að tala við deildir og kennara og t.d. fá 5 bestu nemendur til að kynna niðurstöður.

Haldinn var einn fundur í vetur í þessum hópi. Ákveðið var að skoða rafræn skilyrði sem var of kostnaðarsamt. Haldinn var kynningarfundur um LinkedIn, allir stjórnendur faghópa hafa aðgengi að Facebook, NPS skor var sett. Sýnileikinn orðinn meiri en nokkru sinni fyrr.

Verkefni 3: Stuðningur við stjórnir faghópa

Ábyrgðaraðilar: Ásdís, Aðalheiður, Gunnhildur, Guðný Halla,

Tímabil: ágúst-nóvember2019.

Þróun á formi viðburða

Yfirfara allt kennsluefni fyrir stjórnir faghópa á heimasíðu.

Kahoot, Menti.com, Podcast, Ted, Hringbraut.

Út frá fundi sem var haldinn var ákveðið að vera með hlaðvarp, Teams og LinkedIn fund.

Mikilvægt að fræða félaga og ákveða í framhaldi hvort við ættum að innleiða Teams,

LinkedIn o.fl. unnið var eftir miðunum sem komu á Kick off fundinum.

Önnur verkefni:

Hópefli – stjórn geri eitthvað skemmtilegt saman ábyrgðaraðili Aðalheiður (sept/okt) farið var á sjóstöng sem var virkilega skemmtilegt.

Facebook síða fyrir samskipti stjórnar Stjórnvísí. Ábyrgðaraðili GA/AOG

Rýna lögin – stjórn Stjórnvísí

Trelloborð: stjórn skiptist á að vera á trellóborðinu (þó ekki sá sem heldur fundinn né ritari).

Væntanlega verður tekið upp Teams.

3. **Fréttir af faghópum Stjórnvísí.** Flestar faghópastjórnir eru búnar að halda aðalfund og þær sem ekki hafa gert það eru búnar að boða aðalfund í vikunni og næstu viku. Færri hafa komist að í stjórn faghópa en vildu og er frábært að sjá kraftinn í félögum.
4. **Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum** – Samstarfssamningur hefur verið undirritaður með SA, VÍ og Nasdaq.
5. **Samfélagskýrsla ársins** verður afhent 9. júní á Nauthól og er verkefnið samstarfsverkefni Stjórnvísí, Viðskiptaráðs og Festu. Búið er að auglýsa eftir tilnefningum og eru þær þegar farnar að berast. Frestur rennur út 25.maí nk. Hver aðili fyrir sig tilnefnir einn aðila í dómnefnd. Sá aðili sem Stjórnvísí tilnefndi þetta árið var Hulda Steingrímsdóttir starfsmaður Landspítala sem hefur gegnt forystu fyrir faghóp Stjórnvísí um samfélagsábyrgð svo árum skiptir.

6. **NPS** – þjónustumælingar – Stefna er búin að útbúa NPS þjónustumælingar sem nú eru komnar á fullt og eru sendar út 3 klst. eftir að fundur hefst.
7. **Fjármál** – staða félagsins er góð og búið að innheimta nær öll félagsgjöld ársins 2020. Engar útistandandi skuldir eru frá fyrra ári.
8. Önnur mál
 - Nýlega var auglýst eftir stjórnendum í nýjan faghóp Stjórnvísi „Tæknifaghóp“ og eru viðbrögðin góð.
 - Í næstu viku verður auglýst eftir félögum í stjórn faghóps um lofslagsmál, vikunni þar á eftir í faghóp um leiðtogahæfni og þar á eftir í stjórn faghóps um fjármál/launafulltrúar fyrirtækja.